



Forstjórar heilbrigðisstofnanna ríkisins

Dagsetning 28. maí 2025

Málsnúmer HRN24030138

Verktakasamningar heilbrigðisstofnana

Vísað er til bréfs ráðuneytisins til forstjóra heilbrigðisstofnanna ríkisins, dags. 21. mars sl. um verktakasamninga og gerviverktöku og dreifibréfs fjármála- og efnahagsráðuneytis til forstöðumanna stofnana ríkisins um sama efni, dags. 14. ágúst 2024. Jafnframt vísast til funda um sömu málefni.

Í áður nefndu bréfi ráðuneytisins var fjallað um samninga sem bera einkenni gerviverktöku auk atriða sem hafa ber til hliðsjónar við gerð verksamninga. Þá var þess jafnframt óskað að heilbrigðisstofnanir færu yfir verksamninga sína með hliðsjón af því sem fram kom í áður nefndum bréfum um gerviverktöku og þau atriði sem líta ber til við mat á því.

Í bréfi ráðuneytisins kemur fram að ráða megi að stór hluti verksamninga heilbrigðisstofnana við heilbrigðisstarfsmenn geti falið í sér gerviverktöku og ljóst er að breyta þarf því fyrirkomulagi. Beindi ráðuneytið þeim tilmælum til heilbrigðisstofnana að þær leitist við að manna starfsemi sína með fastráðnu launafólki, sé það unnt, en annars með tímabundnum ráðningarsamningum, tímavinnu samningum eða jafnvel með lánsstarfsfólki frá öðrum stofnunum. Með því síðastnefnda er haft í huga að oft og tíðum eru umræddir verktakar í aðalstarfi hjá annarri heilbrigðisstofnun ríkisins.

Ráðuneytið mælist til þess að verksamningar sem þessir verði ekki endurnýjaðir og að ekki verði gerðir nýir slíkir samningar. Þannig verður í áföngum unnt að tryggja að allir vinnusamningar heilbrigðisstofnana við heilbrigðisstarfsfólk verði í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og kjarasamninga og endurspegli raunverulega ábyrgð og hlutverk hvers og eins starfsmanns. Í undantekningartilvikum kann þó að vera eðlilegt að heilbrigðisstofnanir geri samninga um verktöku við heilbrigðisstarfsmenn eða fyrirtæki sem bjóða upp á þjónustu heilbrigðisstarfsmanna, en ekki skal gera slíka samninga nema að undangengnu heildarmati á því að öll skilyrði til þess séu uppfyllt.

Þá skal jafnframt á það bent að framangreind sjónarmið eiga einnig við um verktakasamninga við einstaklinga sem þegar eru að stórum hluti í starfi hjá viðkomandi stofnun á grundvelli launasamnings. Sem dæmi um slíkt eru svokallaðir ferliverksamningar.

Í ljósi framangreinds leggur heilbrigðisráðuneytið áherslu á að frá og með 1. janúar 2026 heyri verktaka heilbrigðisstarfsmanna á heilbrigðisstofnunum ríkisins til algerra undantekninga og þar sem verktakasamningar eru í gildi séu þeir gerðir í samræmi við þau sjónarmið sem reifuð hafa verið um slíka samninga. Jafnframt hvetur ráðuneytið stofnanirnar til að efla samvinnu sína þegar kemur að mönnun, s.s. að starfsmenn geti leyst af á annarri stofnun þar sem þeir vinna aðalstarf sitt með sem auðveldustum hætti.

Fyrir hönd ráðherra,

Ásta Valdimarsdóttir

Ráðuneytisstjóri

Sigurður Kári Arnason

Skrifstofustjóri